



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 2. nóvember 2022



Fjórði fundur 65. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, miðvikudaginn 2. nóvember 2022 kl. 12.00.

Mættir voru Arnar Þorkelsson Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristján Gaukur Kristjánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson, Ragnar Lárus Kristjánsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson og Hrafnhildur Ósk Skúladóttir

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 9 mánaða uppgjör
AÞ kynnti 9 mánaða uppgjör sambandsins og er reksturinn í jafnvægi og útlit fyrir hagnað af rekstri á árinu.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. Almennt
Stjórn HSÍ fagnar árangri Vals í Evrópukeppninni sem er frábær fyrir íslenskan handbolta. Þá jafnframt er minnt á 2 kvennalandsleiki sem eru um helgina.
 - b. Styrktaraðilar
RG kynntu stöðu viðræðna við styrktaraðila og gengur endurnýjum samninga vel.
 - c. Skólamót
RG kynntu stöðu skólamóta. Fræðslunefnd mun vinna að nýrri dagssetningu í samráði við verkefnastjóra.
 - d. Kvennanefnd
Inga Lilja og Kristín munu koma að starfinu með GBO og RG og boðað verður til fundar í næstu viku.
 - e. Útbreiðsla
RG er að undirbúa útbreiðslunámskeið í Garði og Akranesi. Fræðslunefnd mun koma að verkefninu. GBO ætlar að ræða við bæjarstjóra Akranes.
4. Breyting á reglugerðum
RG kynnti breytingu á reglugerðum um dómaramál og handknattleiksmót. Breytingar á reglugerðum voru samþykktar
5. Dómaramál
Farið verður í átak í dómaramálum þar sem farið verður í markaðsáttak um vinnufrið til handa dómurum. Einnig í ljósi umræðu og samþykktar á síðasta formannafundi er því beint til dómaranefndar að útbúa stefnu þegar kemur að bekkjarstjórnun sem lögð verður fyrir næsta formannafund. Þá verður einnig farið í hugmyndavinnu hvernig á að fjölga á dómurum.
6. Fjármál félaga
RG fór yfir stöðu fjármála félaga
7. Beiðni um styrk frá Þór
Beiðni hefur borist um styrk frá hkd. Þórs varðandi kaup á boltum vegna útbreiðslustarfs á Dalvík. Beiðnin var samþykkt.



8. Önnur mál

- Erindi barst frá Haukum varðandi lögmæti gjaldtöku af sjónvarpsútsendingum félaga. GBO ætlar að fá lögfræðilít hvort þetta sé heimilt.
- Erindi barst frá Þór varðandi undanþágu frá félagaskiptatímabili. Ekki eru lagalegar forsendur fyrir því að veita undanþágu svo beiðninni er hafnað.
- RG kynnti niðurstöður og umræður formannafundar

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari